



Ársskýrsla 2015



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

Um ársskýrsluna

Maí 2016

Útgefandi: Starfsmenntasjóður
verslunar- og skrifstofufólks

Ritstjórn og ábyrgð: Selma Kristjánsdóttir

Hönnun og uppsetning: Tómas Bolli Hafþórsson

Prenntun: Oddi

Ársskýrsla 2015



Stjórn og starfsmenn

Arndís Arnarsdóttir, SA

Eiður Stefánsson, LÍV

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR

Lísbet Einarsdóttir, SA, formaður til október 2015

Ólafur Finnbgason, SA

Teitur Lárusson, VR, formaður frá október 2015

Starfsmenn sjóðsins voru Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir (fæðingarorlof frá ágúst) Selma Kristjánsdóttir og Eva Demireva frá águst 2015.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins var Pálína Árnadóttir hjá Deloitte.

Ellefu stjórnarfundir voru haldnir á árinu auk tveggja vinnufunda.

Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna og styrka aðildarfyrirtæki samtaka atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar starfsmanna sinna. Sjóðurinn veitir einnig styrki til námsefnisgerðar. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,30% af launum félagsmanna en aðildarfélögini greiða fjórðungs mótfamlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. með því að styðja við áframhaldandi þróun náms og raunfærni-mats fyrir greinarnar
4. Að hvetja félagsmenn til náms
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Yfirlit yfir starf ársins

Nýjar úthlutunarreglur sjóðsins tóku gildi um áramótin 2014 með tveggja ára aðlögunartímabili. Þeir félagsmenn sem áttu mörg uppsöfnuð stig í sjóðnum fengu tækifæri til þess að nýta þau til loka ársins 2015 eða sækja um samkvæmt nýju reglunum. Með vali á nýrri reglu var ekki ekki hægt að nýta áður uppsöfnuð stig. Nýjar reglur eiga að gera félagsmönnum með lægri laun kleift að vinna sér inn réttindi hraðar. Einnig er það von sjóðsins að nýju reglurnar hvetji félagsmenn til frekari þátttöku í símenntun.

Með nýju reglunum myndast réttindi í krónum eftir félagsgjaldi síðastliðna 12 mánuði og eru réttindi hlutfallsleg ef launahlutfall er lægra en 100%. Félagsmaður í fullu starfi getur fengið greiddan styrk að upphæð 90.000 kr. á ári. Hægt er að safna styrknum í þrjú ár og sækja þá um 75% að hámarki 270.000 kr. fyrir eitt samfellt nám og tekur það ákvæði gildi 1. janúar 2016. Ekki er hægt að safna upp styrk umfram þeirri upphæð. Nýju reglurnar kveða á um að hægt sé að sækja um 75% af kostnaði við starfsnám en 50% af kostnaði við tómstundanám og vegna ferðastyrkja. Veittur styrkur til tómstundanáms er að hámarki 20.000 kr. og 30.000 kr. vegna ferðastyrkja.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 517.618.244 árið 2015 en greiddir styrkir úr sjóðnum voru kr. 417.764.013 og eru því greidd iðgjöld í sjóðinn umfram styrki kr. 99.854.231. Síð mynd 1 og 2.

Iðgjöld og styrkir

Greidd upphæð einstaklingsstyrkja allra aðildarfélaga sjóðsins jókst um 13% frá árinu áður. Félagsmenn undir 44 ára aldri eru duglegastir að sækja um styrk. 90% úthlutaðra einstaklingsstyrkja eru vegna starfstengds náms; þar af eru 46% vegna háskólanáms og tæplega 38% vegna starfstengdra símenntunarnámskeiða sem gefa ekki einingar. Leiða má líkur að því að félagsmenn með lægri laun hafi aukið réttindi sín í sjóðinn sem og að aðsókn hafi aukist með tilkomu nýrra reglna Meðalupphæð styrkja jókst um 5% milli áranna 2014 og 2015, úr kr. 41.518 í 43.822 en hafði aukist um 44% árið á undan vegna innleiðingar á nýjum reglum sjóðsins.

Greidd upphæð fyrirtækjastyrkja lækkaði um 18% frá 2014. Fjöldi fyrirtækjastyrkja jókst aftur á móti um 35% og hafði aukist um 73% þar á undan. Ástæður fyrir auknum fjölda fyrirtækjastyrkja kunna að vera margar, en starfsmenn


hafa unnið markvisst að kynningu til fyrirtækja, sem hefur skilað árangri. Aukning í umsóknum um „Fræðslustjóra að láni“ til fyrirtækja hefur skilað miklum árangri. Einnig skilaði fundaröð SA um starfsmenntun aukinni umræðu og meðvitund um starfsmenntasjóðina. Í bókun við kjarasamninga 2013 var kveðið á um sameiginlegan vettvang sem myndi greiða leiðir fyrirtækja að umsóknum að starfsmenntasjóðum og fræðslustofnunum. Úr varð verkefnið Áttin – ný vefgátt sem er sameiginlegt verkefni atvinnurekenda og launafólks á almennum vinnumarkaði. Vefgáttin „attin.is“ fór í loftið í nóvember 2015 og eru atvinnurekendur í auknu mæli að verða meðvitaðri um þessa sameiginlegu vefgátt. Ástæðan fyrir lækkun á greiddum styrkjum má leiða til að fleiri umsóknir bárust sjóðnum en lægri upphæð hefur verið greidd vegna hverrar umsóknar. Þetta kemur að vísu á óvart þar sem samþykkt var á vinnufundi stjórnar í apríl að hækka hámark styrkupphæðar á einstaklinga til fyrirtækja úr 30 þúsund króna hámarki í 50 þúsund krónur.

Helstu verkefnin sem unnið var með á árinu voru miðlægur gagnagrunnur fyrir sjóðinn sem enn er í gangi, kynningar á sjóðnum, kynningarefni og sérstök markaðssetning gagnvart fyrirtækjum. Undirbúnungur fyrir Áttina sem og aukið samstarf sjóða, sérstaklega varðandi sameiginlegt verkefni allra sjóða um „Fræðslustjóra að láni“ sem hefur verið talsvert.

Á vinnufundi stjórnar sjóðsins var sérstaklega farið yfir verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ og ákveðið að sjóðurinn kæmi til móts við lítil fyrirtæki með átaksverkefni þar sem fyrirtæki með 7-25 starfsmenn gæfist kostur á að taka þátt í verkefninu óháð rétti þeirra í sjóðinn. Til grundvallar samþykkis á slíku verkefni verður fyrirtækið að hafa greitt í sjóðinn sl. 12 mánuði og standa í skilum.

Iðgjöld og styrkir á verðlagi hvers árs

Mynd 1



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Einstaklingsstyrkir

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 12 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verslunarmanna. Stéttarfélögin sjá um afgreiðsu og þjónustu einstaklingsstyrka sinna félagsmanna.

- AFL Starfsgreinafélag
- Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri (FVSA)
- Framsýn
- Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest)
- Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)
- Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ)
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðsfélag Þórshafnar
- Verslunarmannafélag Skagfirðinga
- Verslunarmannafélag Suðurlands (VMS)
- Verslunarmannafélag Suðurnesja (VS)
- VR


Greining einstaklingsstyrka byggir á gögnum frá öllum 12 aðildarfélögum sjóðsins. Heildarútgreiðsla styrka í ársreikningi nam kr. 417.764.013.

Einstaklingar sem fengu greidda styrki voru 7.368 árið 2015. Þar af voru greiddir styrkir hjá VR 6.593 talsins miðað við 6.031 árið 2014 og er því um 9,3 % aukningu á milli ára, sjá mynd 3.

Meðalupphæð styrka til einstaklinga árið 2015 var kr. 43.822, sjá mynd 4. Meðalstyrkupphæð hjá VR árið 2015 var kr. 44.085 og kr. 42.235 árið 2014 og hækkaði því um 4,4 % á milli ára. Meðalstyrkupphæð hjá LÍV-félögum utan VR var kr. 41.373 árið 2015 og 35.638 árið 2014 og hækkaði því um 17% á milli ára. Sjá má meðalupphæð styrka milli félaga á mynd 5.


Hlutfall styrkja af iðgjöldum

Mynd 2




Fjöldi einstaklinga

Mynd 3



Meðalupphæð styrkja til einstaklinga

Mynd 4



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Aukningu í útgreiðslu styrkja á árunum 2014 og 2015 má rekja til breytingar á úthlutunarreglum SVS árið 2014 en 2015 var lokaár í aðlögun að nýjum reglum og síðasta árið sem félagsmönnum með uppsöfnuð stig gafst kostur á að nýta sér stigin miðað við eldri reglu. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér eldri regluna hjá VR árið 2015 var 1.589 eða 24,1% en 5.020 eða 75,9% nýttu sér nýju regluna. Sjá mynd 7.

Yfirlit yfir heildarupphæð greiddra styrkja á milli LÍV-félaga utan VR má sjá á mynd 8. Heildarupphæð greiddra styrkja hjá VR var kr. 364.895.535.

Á mynd 9 er horft til aldurs styrkþega á árunum 2014 og 2015. Sjá má að aldurshópurinn 35-44 ára er sá hópur sem virkastur hefur verið að sækja um styrki í sjóðinn. Aldurshópurinn 25-34 ára og yngri fylgir fast á eftir en munur milli hópanna er ekki nema örfá prósent. Um 3% aukning er milli ára í aldurshópnum 25-34 ára og 5% aukning í aldurshópnum 35-44 ára milli ára. Munur milli þessara hópa er ekki nema 9% árið 2015 en var 8% árið 2014.


Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum eins og sjá má á mynd 10, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar eru konur engu að síður virkari að sækja um styrki úr sjóðnum; því skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn.

Skiptingu einstaklingsstyrkja má sjá á mynd 11. Nánast allir greiddir einstaklingsstyrkir eða 95% eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis.

Á mynd 12 má sjá hvernig starfstengt nám flokkast niður, þar sem rúm 46% styrkja eru vegna háskólanáms. Þar getur verið um að ræða grunnnám, stök námskeið innan háskóla sem veita einingar og/eða frekari réttindi innan háskóla t.a.m. bókari o.fl. Tæplega 38% eru vegna óeiningabærs náms og rúmlega 16% vegna framhaldsskólanáms. Óeiningabært nám eru starfstengd námskeið sem eru ekki metin til framhaldsskólaeininga en tengjast ávallt starfi sjóðsfélaga. Sjálfstyrking fellur t.a.m. þar undir.


Meðalupphæð eftir félögum

Mynd 5




Heildarupphæð styrkja

Mynd 6



Breytingar á úthlutunarreglum


Mynd 7



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


Heildarupphæð eftir félögum*

Mynd 8




Meðalupphæð eftir aldrí

Mynd 9




Hlutdeild kynja eftir aldrí

Mynd 10




Skipting styrkja 2015

Mynd 11



Tegund náms 2015

Mynd 12



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Fyrirtækjastyrkir

Greiddir styrkir til fyrirtækja námu kr. 14.765.737 og er hlutfall þeirra 5% af heildarstyrkjum sjóðsins.

Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja lækkaði milli ára um kr. 3.257.135 eða um 18%.

Á árinu var haldið áfram að vinna með stefnumörkun sjóðsins frá 2013 um aukna kynningu á styrkjum til fyrirtækja. Styrkir SVS til fyrirtækja hafa náð samtals til rúmlega 5.600 sjóðsfélaga. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrk „Fræðslustjóra að láni“ eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjöldu starfsmanna sést á mynd 13.

Á mynd 14 má sjá að alls voru veittir 215 styrkir til fyrirtækja á árinu, sem er um 35% aukning frá árinu á undan.

Af þeim 215 styrkjum til fyrirtækja voru 186 styrkir sérstaklega veittir til fyrirtækja vegna námskeiðahalds, en það er 30% aukning frá fyrra ári. Sjá mynd 15.


Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 12 og fjölgædi um þrjú frá árinu áður. Eitt fyrirtækjanna hætti á lækkuðu iðgjaldi á árinu og þrjú ný bættust við. Sjá mynd 16. Stefnt er að því að fjölga þeim enn frekar með heimsóknum til fyrirtækja, aukinni kynningu og skýrum upplýsingum um umsóknarferlin. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt u.þ.b. 33 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu rúmlega 13 milljónir og er afsláttur þeirra því rúmlega 20 milljónir króna. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykkta lækkun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækkunin gildir.

Veittir voru 18 styrkir til fyrirtækja sem fengu „Fræðslustjóra að láni“ á árinu og er það 100 % aukning frá fyrra ári. Stefnt er að því að bæta enn við fjöldu fyrirtækja þar sem verk-efnið hefur reynst fyrirtækjum mjög vel og stuðlar að frekari símenntun innan vinnustaðarins. Mikil ánægja er meðal starfsmanna fyrirtækjanna sem hafa tekið þátt og þá hvernig starfsmenn taka virkan þátt í mótu fræðsluáætlunarinnar. Stjórn sjóðsins samþykkti síðasta haust að hrinda af stað átaki til næstu 18 mánaða með verkefnið „Fræðslustjóri að láni“. Átakið einskorðast við fyrirtæki sem greiða til SVS þar sem fjöldi starfsmanna er á bilinu 7 til 25 og er átakið óháð rétti fyrirtækjanna í sjóðinn. Með átakinu sem stendur til 31. maí 2017 mun sjóðurinn að öllu leyti standa straum af kostnaði verkefnisins af hálfu sjóðsins.

Á mynd 18 má sjá dreifingu styrkja til fyrirtækja eftir atvinnugreinum. Myndin sýnir fjölda einstaklinga sem eru á bak við fyrirtækjastyrki og undir hvaða atvinnugreinar þeir falla. Styrkirnir sem um ræðir eru stakir fyrirtækjastyrkir og „Fræðslustjóri að láni“ verkefni. Að auki er fjöldi þeirra starfsmanna sem starfar í þeim fyrirtækjum sem eru á lækkuðu iðgjaldi tekinn hér með. Sjá má að fjöldinn á bak við styrki í heild- og smásöluverslun er mestur. Að teknu tilliti til fjölda félagsmannna eftir atvinnugreinum þá eru flutningar og geymsla sú atvinnugrein sem nær hlutfallslega til flestra félagsmannna í starfsmenntun eða tæplega 50% á móti tæplega 20% í heild- og smásöluverslun, sjá mynd 19.

Mynd 19 sýnir hlutfallslega dreifingu styrkja eftir fjöldu einstaklinga í viðkomandi atvinnugrein. Á þeirri mynd má sjá að þær atvinnugreinar sem hlutfallslega eru mest áberandi hvað varðar starfsmenntun er; flutningar og geymsla, fjármála- og vátryggingastarfsemi og heild- og smásöluverslun. Mörg þeirra fyrirtækja sem eru á lækkuðu iðgjaldi eru innan þessara þriggja atvinnugreina. Þau fyrirtæki hafa sýnt fram á virka menntastefnu innan fyrirtækisins og að kostnaður vegna fræðslu félagsmannna frá VR/LÍV á 12 mánaða tímabili er meiri en sem nemur 0,30% af heildarlaunum starfsmanna.


Heildarfjöldi starfsmanna á bak við styrki Mynd 13



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


Styrkir samtals

Mynd 14




Fjöldi fyrirtækjastyrkja

Mynd 15



Fjöldi fyrirtækja á lækkuðu iðgjaldi

Mynd 16




Dreifing styrkja eftir atvinnugreinum

Mynd 18

Fyrirtæk	Fjöldi
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	10
Upplýsingar og fjarskipti	13
Fasteignaviðskipti	13
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	26
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	34
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	59
Framleiðsla	95
Fjármála- og vátryggingastarfsemi	221
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	221
Rekstur gististaða og veitingarekstur	232
Flutningar og geymsla	297
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	2.054

Fræðslustjóri að láni

Mynd 17



Hlutfall styrkja eftir fjölda einstaklinga

Mynd 19

Atvinnugrein	Hlutfall
Menningar-, íþróttá- og tómstundastarfsemi	0,6%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1,5%
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	1,6%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	3,8%
Sérfræðileg, visindaleg og tæknileg starfsemi	5,0%
Fræðslustarfsemi	8,0%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	11,6%
Framleiðsla	11,8%
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	14,1%
Vatnsveita og fráveita	17,5%
Upplýsingar og fjarskipti	17,8%
Heild- og smásöluverslun	18,8%
Fjármála- og vátryggingastarfsemi	42,7%
Flutningar og geymsla	48,4%

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.


Hagnaður Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks á árinu 2015 nam kr. 87.922.808. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 590.423.063, bókfært eigið fé í árslok er kr. 582.558.990 og er eiginfjárlutfall sjóðsins 98,7%.

Það er álit stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. maí 2016

Í stjórn



Arndís Arnarsdóttir, SA

Eiður Stefánsson, LÍV

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR

Lísbet Einarsdóttir, SA, formaður til október 2015

Ólafur Finnbogason, SA

Teitur Lárusson, VR, formaður frá október 2015

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og verkefnastjóra á ársreikningnum

Stjórn og verkefnastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og verkefnastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunar- aðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeiri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 4. maí 2016.

Deloitte ehf.



Pálína Árnadóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2015

	Skýr.	2015	2014
Iðgjöld		517.618.244	337.905.754
Úthlutaðir styrkir	5	(417.764.013)	(366.832.590)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(21.287.125)	(20.768.159)
Innheimtukostnaður		(12.455.108)	(8.136.929)
Sérverkefni, kynningarstarf		(2.045.601)	(1.255.602)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta		64.066.397	(59.087.526)
Fjármunatekjur	3	29.234.556	21.950.531
Fjármagnsgjöld	4	(2.787)	(18.382)
Fjármagnstekjuskattur		(5.375.358)	(4.079.122)
Hagnaður (tap) ársins		87.922.808	(41.234.499)

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31. 12. 2015	31. 12. 2014
Veltufjármunir			
Verðbréfasafn	7	301.744.035	251.677.710
Viðskiptakröfur	6	26.439.284	10.918.862
Aðrar skammtímakröfur		70.000	52.064
Handbært fé	6	262.169.744	242.244.913
Eignir		590.423.063	504.893.549
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		582.558.990	494.636.182
Eigið fé		582.558.990	494.636.182
Skuldbindingar			
Áfallinn fjármagnstekjuskattur	9	5.881.625	3.750.668
		5.881.625	3.750.668
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	10	1.206.493	1.295.337
Aðrar skammtímaskuldir	10	775.955	5.211.362
Skuldir		7.864.073	10.257.367
Eigið fé og skuldir		590.423.063	504.893.549

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Innborguð iðgjöld	505.163.136	329.768.825	
Greiddir styrkir	(417.764.013)	(366.832.590)	
Greiddur kostnaður	(23.332.726)	(22.023.761)	
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta	<hr/> 64.066.397	<hr/> (59.087.526)	
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun ...	(15.538.358)	3.035.270	
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun	(4.524.251)	1.362.649	
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta	<hr/> 44.003.788	<hr/> (54.689.607)	
Innborgaðir vextir	10.511.714	9.235.648	
Greiddir vextir	(2.787)	(18.382)	
Handbært fé frá (til) rekstrar	<hr/> 54.512.715	<hr/> (45.472.341)	
Fjárfestingahreyfingar			
Innborgað á verðbréfasafn	(34.587.884)	(81.316.818)	
	<hr/> (34.587.884)	<hr/> (81.316.818)	
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár	19.924.831	(126.789.159)	
Handbært fé í upphafi árs	242.244.913	369.034.072	
Handbært fé í lok árs	<hr/> 262.169.744	<hr/> 242.244.913	
	<hr/>	<hr/>	

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna hins végars dags. 14. maí 2000. Sjóðurinn er eign VR, Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. Reikningasskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Reikningshaldslegri meðferð á fjármagnstekjuskattí vegna óinnleysts hagnaðar verðbréfa og verðbréfasjóða hefur verið breytt. Nú er færð upp skuldbinding vegna fjármagnstekjuskattí á óinnleystum hagnaði og er skuldbindingin færð meðal langtímaskulda sjóðsins. Samburðarfjárhæðum hefur verið breytt vegna þessa.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

3. Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnstæðum
Vaxtatekjur af félagsgjöldum
Vaxtatekjur af verðbréfasafni
Arður af hlutabréfaveign í verðbréfasafni
Gengishagnaður verðbréfasafns

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringunum hér á eftir.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapti sem kann að myndast í framtíðinni.

Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtíma verðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færst matsbreyting í rekstrarrekning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

	2015	2014
11.852.391	10.461.766	
1.029.795	866.229	
3.083.899	7.383.711	
87.607	0	
13.180.864	3.238.825	
29.234.556	21.950.531	

Skýringar

4. Fjármagnsgjöld

	2015	2014
Vaxtagjöld	2.787	18.382

5. Styrkveitingar

Úthlutaðir styrkir greinast þannig :

	2015	2014
Fræðslustyrkir	394.399.606	348.325.118
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	14.765.737	18.022.872
Þróunar og sérverkefni	8.598.670	484.600
	<u>417.764.013</u>	<u>366.832.590</u>

6. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31. 12. 2015	31. 12. 2014
LIVE og VR	22.158.999	9.563.033
Vlf. Stykkishólms	0	25.240
Vlf. Vestfirðinga	88.936	0
Stéttarfélagið Samstaða	61.746	35.078
Vmf. Skagafjarðar	41.880	89.390
FVSA	1.275.830	978.991
VMF. Suðurlands	1.443.504	64.430
Stéttarfélag Vesturlands	93.260	0
Framsýn Stéttarfélags	0	39.429
AFL starfsgreinafélag	129.192	123.271
Vmf. Suðurnesja	1.145.937	0
	<u>26.439.284</u>	<u>10.918.862</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31. 12. 2015	31. 12. 2014
Aðrar kröfur	70.000	52.064
	<u>70.000</u>	<u>52.064</u>

Handbært fé

	31. 12. 2015	31. 12. 2014
Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.	262.169.744	242.244.913

7. Verðbréfæign

Verðbréfæign sjóðsins er verðbréfasafn sem er í vörsu Íslandsbanka hf. Verðbréfasafn sjóðsins er að markaðsvirði kr. 301.744.035

Staða í ársbyrjun	
Innborgað á verðbréfasafn	
Vaxtatekjur	
Fjármagnstekjkuskattur	
Gengismunur	
Þóknun	

	2015	2014
	251.677.710	161.203.358
	34.587.884	81.316.818
	3.083.899	7.383.711
	(873.929)	(1.465.002)
	13.579.300	3.366.378
	(310.829)	(127.553)
	<u>301.744.035</u>	<u>251.677.710</u>

8. Eigið fé

Eigið fé 1.1.2014	
Tap ársins	
Eigið fé 1.1.2015	
Rekstrarafgangur ársins	
Eigið fé 31.12.2015	

Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
535.870.681	535.870.681
(41.234.499)	(41.234.499)
<u>494.636.182</u>	<u>494.636.182</u>
87.922.808	87.922.808
<u>582.558.990</u>	<u>582.558.990</u>

9. Fjármagnstekjkuskattur

Staða í ársbyrjun	
Greiddur fjármagnstekjkuskattur á árinu	
Breytingar á skuldbindingu vegna áfallins fjármagnstekjkustatts	

31. 12. 2015	31. 12. 2014
3.750.668	3.228.895
(3.244.401)	(3.527.349)
<u>5.375.358</u>	<u>4.049.122</u>
<u>5.881.625</u>	<u>3.750.668</u>

Skýringar

10. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

Framsýn Stéttarfélag	1.198.463
Verslunamannafélag Suðurnesja	0
Stéttarfélag Vesturlands	0
Vlf Snæfellinga	8.030
Vlf Vestfirðinga	0

	31. 12. 2015	31. 12. 2014
Framsýn Stéttarfélag	1.198.463	0
Verslunamannafélag Suðurnesja	0	181.426
Stéttarfélag Vesturlands	0	886.416
Vlf Snæfellinga	8.030	0
Vlf Vestfirðinga	0	227.495
	<hr/> 1.206.493	<hr/> 1.295.337

Aðrar skammtímaskuldir

Minningaverkefni um Ingibjörgu R Guðmundsdóttur ...	0
Ógreiddir styrkir	29.610
Ógreiddur kostnaður	746.345

	31. 12. 2015	31. 12. 2014
Minningaverkefni um Ingibjörgu R Guðmundsdóttur ...	0	4.000.000
Ógreiddir styrkir	29.610	26.588
Ógreiddur kostnaður	746.345	1.184.774
	<hr/> 775.955	<hr/> 5.211.362

	2015	2014
Rekstrartekjur		
Iðgjöld atvinnureknda	414.134.615	270.358.521
Iðgjöld stéttarfélaga	<u>103.483.629</u>	<u>67.547.233</u>
	<u>517.618.244</u>	<u>337.905.754</u>
Styrkir		
Fræðslustyrkir	394.399.606	348.325.118
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	14.765.737	18.022.872
Þróunar og sérverkefni	8.598.670	484.600
	<u>417.764.013</u>	<u>366.832.590</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Þóknun til VR	19.828.831	18.445.902
Ýmsir fundir	1.850	42.780
Stjórnarfundir	383.417	261.963
Auglýsingar	0	481.437
Útgáfa og prentun	286.637	0
Endurskoðun og reikningsskil	402.776	623.942
Aðkeypt sérfræðibjónusta	148.985	0
Aðkeypt tölvubjónusta	174.025	897.135
Annar kostnaður	60.604	15.000
	<u>21.287.125</u>	<u>20.768.159</u>
Innheimtukostnaður		
Innheimtulaun	<u>12.455.108</u>	<u>8.136.929</u>
	<u>12.455.108</u>	<u>8.136.929</u>
Sérverkefni kynningarstarf		
Kynningarstarf	<u>2.045.601</u>	<u>1.255.602</u>
	<u>2.045.601</u>	<u>1.255.602</u>

Innheimtukostnaður

Innheimtulaun	<u>12.455.108</u>	<u>8.136.929</u>
	<u>12.455.108</u>	<u>8.136.929</u>

Sérverkefni kynningarstarf

Kynningarstarf	<u>2.045.601</u>	<u>1.255.602</u>
	<u>2.045.601</u>	<u>1.255.602</u>



Kringlunni 7 103 Reykjavík sími 510 1700 www.starfsmennt.is